

Undirrituð, sameinað sveitarfélag Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, kt. 420369-1749, í samningi þessum nefnt sveitarfélag, og Björn Sigurður Lárusson kt 070555-2479 í samningi þessum nefndur sveitarstjóri, gera með sér svohljóðandi

RÁÐNINGARSAMNING

um störf sveitarstjóra/framkvæmdastjóra sameinaðs sveitarfélags Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.

1. gr.

Ráðningartími, uppsagnarfrestur og starfslok

Sveitarstjóri er ráðinn frá og með 1. september 2022 til þess dags er ný sveitarstjórn tekur við störfum að loknum sveitarstjórnarkosningum 2026.

Sveitarstjóri skal þó halda umsömdum launum í fjóra mánuði að loknum ráðningartíma og skal bjóða nýrri sveitarstjórn starfskrafta sína í þrjá mánuði, með sömu réttindum og skyldum og þessi samningur tekur til. Kjósi ný sveitastjórn ekki að þiggja það boð lýkur launasambandi að fjórum mánuðum liðnum. (Sjá nánar í 10. Gr. 3 mgr.)

Ef sveitarstjóri segir upp störfum að eigin frumkvæði þá er uppsagnarfrestur tveir mánuðir, og lýkur ráðningarsambandi þar með. Ef sveitarstjóra er sagt upp störfum áður en þessi samningur rennur út, þá á hann rétt á að halda umsömdum launum í þrjá mánuði. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarmót.

.2.gr.

Starfsvettvangur og ábyrgðarsvið

Sveitarstjóri skal búa og hafa lögheimili í sveitarfélaginu.

Um starfs- og ábyrgðarsvið sveitarstjóra fer samkvæmt VI. kafla sveitarstjórnarlaga, nr.138/2011 og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

3. gr.

Vinnuskylda og viðvera

Sveitarstjóri skal hafa fasta viðveru á opnunartíma skrifstofu sveitarfélagsins, nema fundir og önnur verkefni á vegum sveitarfélagsins hamli eða kalla á aðra viðveru. Þrátt fyrir framangreint er sveitarstjóra heimilt að inna af hendi vinnuskyldu sína annars staðar en á skrifstofu sveitarfélagsins um takmarkaðan tíma, þ.e. ef sérstök tilefni krefja og/eða aðstæður sveitarfélagsins eða sveitarstjóra kalla á slíkt fyrirkomulag.



Að öðru leyti fer um ábyrgð, verksvið og réttarstöðu sveitarstjóra í starfi samkvæmt ráðingarsamningi þessum, sveitarstjórnarlögum og samþykktum sveitarfélagsins.

**4. gr.
Trúnaður**

Sveitarstjóri skal gæta trúnaðar í starfi sínu og er bundinn þagnarskyldu um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum sveitarstjórna eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

**5. gr.
Launakjör, vinnutími o.fl.**

Sveitarstjóri er ráðinn í fullt starf.

Föst laun sveitarstjóra skulu vera kr 1.400.000 á mánuði. Laun skulu greiddast mánaðarlega eftirá. Innifalið í föstum launum eru 40 yfirvinnutímar á mánuði og þar með talið starfstengt ónæði utan hefðbundins vinnutíma, þ.m.t. fundarseta utan dagvinnutíma, ferðalög og annað sem starfið kann að krefja hverju sinni. Fari heildarvinnutími á mánuði yfir 199,25 tíma greiðist yfirvinna sem er 0,9285% af mánaðarlaunum sem er 13.139 kr/klst og skal hún samþykkt af oddvita fyrirfram.

Sveitastjóri skal skrá vinnutíma sinn í tímaskráningarkerfi sveitafélagsins.

Laun sveitarstjóra taka breytingum einu sinni á ári eða hinn 1. febrúar ár hvert í samræmi við breytingar á launavísitölu útgefni af Hagstofu Íslands (opinberir starfsmenn – starfsmenn sveitarfélaga sem var 132,2 stig í mars 2022).

Ekki er greitt sérstaklega fyrir fundarsetu og/eða nefndarstörf á vegum sveitarfélagsins, stjórnun B-hluta fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins, nema sérstaklega sé greitt fyrir stjórnarsetu af þriðja aðila.

Sveitarfélagið greiðir í lífeyrissjóð sem sveitarstjóri velur, sama á við um viðbótarframlag.

**6. gr.
Orlof**

Orlof sveitarstjóra skal vera 30 dagar á hverju almanaksári. Sveitarstjóri skal taka 14 daga samfelld orlof á sumarleyfistíma og tryggja að staðgengill sinn sé tiltækur þann tíma. Ekki er heimilt að færa orlof á milli orlofstímabila og ber sveitastjóri sjálfur ábyrgð á að haga sínum störfum þannig að töku orlofs sé lokið fyrir 1. maí ár hvert. Sveitarstjóri skal ákveða orlofstíma m.t.t. hagsmuna sveitarfélagsins og skulu orlofsdagar teknir í samráði við oddvita sveitafélagsins.



2 | 4

**7. gr.
Hlunnindi**

Sveitarstjóri fær fær einu sinni á ráðningartíma kr 175.000- til kaupa á fartölvu til eigin nota og vinnu utan vinnustaðar. Sveitastjóri leggur sjálfur til síma en sveitarfélagið greiðir fyrir notkun hans. Einnig leggur sveitarfélagið til fullnægjandi nettengingu í húsnæði hans.

Sveitarfélagið greiðir fyrir flutning búslóðar sveitastjóra innanlands í upphafi starfstíma og einnig í lok starfstíma, oddvitir samþykkir kostnað við flutning.

Fyrir afnot af eigin bifreið í þágu starfs er sveitarstjóra greiddur mánaðarlegur bifreiðastyrkur að upphæð kr. 70.000 á mánuði. Umrædd afnot miðast við akstur innan sveitarfélagsins og/eða allt að 600 km. Vegna lengri ferða skal metið eftir atvikum hvort sveitarstjóri nýti eigin bifreið eða sveitafélagið leggi til bifreið þ.m.t bílaleigu. Ef sveitarstjóri nýtir eigin bifreið til slíkra ferða vegna starfa sinna, skal hann skila akstursdagbók til skrifstofu sveitarfélagsins, þar sem fram kemur akstur í km og tilefni skal þá greitt samkvæmt gjaldskrá ríkisins.

Um greiðslur á ferðalögum gildir að sveitastjóri sér um sig sjálfur í mat, en gisting er greidd samkvæmt reikningum. Í vafaatriðum skal oddviti skera úr um hvert skal vera rétt.

**8. gr.
Húsnæði og fjárhæð leigu**

Sveitarfélagið leggur sveitarstjóra til húsnæði til afnota sem er í eigu sveitarfélagsins, frá og með 1. september 2022.

Um er að ræða fasteignina að Lækjarvegi 3, 680 Þórshöfn, með fnr. 2167901. Samkvæmt opinberum upplýsingum er fasteignamat skráð að fjárhæð kr. 15.150.000 vegna ársins 2022 og fjárhæð kr. 19.600.000 fyrir árið 2023.

Fjárhæð leigu skal vera sem nemur 4% af skráðu fasteignamati hverju sinni. Fjárhæð leigu skal skipt niður í tólf greiðslur með gjalddaga 2. hvers mánaðar. Fyrsti gjalddagi leigu er hinn 2. september 2022..

Sveitarstjóri greiðir sjálfur fyrir hita og rafmagn, en sveitarfélagið sér um viðhald hússins. Sveitarstjóri og sveitarstjórn semja í upphafi samnings um viðhald á húsnæðinu.

Húsaleiga er greidd fyrirfram 2. Hvers mánaðar. Sveitafélagið sendir kröfu í banka fyrir húsaleigu.

Við starfslok skal sveitarstjóri skila húsinu svo fljótt sem verða má, en þó eigi síðar en mánuði eftir að launasambandi lýkur, sbr. nánar í 1. gr..

**9. gr.
Aukastörf sveitarstjóra**

Sveitarstjóri skal helga sveitarfélaginu starfskrafta sína. Sveitarstjóra er þannig óheimilt að taka að sér önnur störf, hvort sem þau eru launuð eða ólaunuð, eða vera beint eða óbeint þátttakandi í annari

starfsemi á meðan hann gegnir störfum sveitarstjóra, nema að höfðu samráði við og með leyfi sveitarstjórnar.

Verði um slíka aukastörf að ræða af hálfu sveitarstjóra, með samþykki sveitarstjórnar, þarf ávallt að tryggja að slík verkefni stangist ekki á við störf hans fyrir sveitarfélagið.

10. gr.
Aðrar skyldur

Mánuði áður en ráðningartími rennur út skal sveitarstjóri leggja fyrir sveitarstjórn heildstætt yfirlit yfir öll fjárfestingarverkefni, verk í vinnslu og aðrar skuldbindingar sem sveitarfélagið er með í vinnslu á þeim tíma. Skal slíkt vera liður í að undirbúa nýja sveitarstjórn og nýjan framkvæmdarstjóra að taka við rekstri sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri skal við starfslok afhenda sveitarfélaginu öll gögn sem starfinu tilheyrir og hann hefur undir höndum. Öll tölvugögn og skjöl sem sveitarstjóri vinnur fyrir sveitarfélagið eru eign þess og afsalar hann sér öllum höfundar- eða eignarrétti á slíkum gögnum með samningi þessum

Þá skal sveitarstjóri jafnframt hafa forgöngu um að tryggja að staðgengill hans samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins sé upplýstur um öll verkefni sem eru í vinnslu ásamt því að vera til staðar fyrir nýja sveitarstjórn og sveitarstjóra þegar hún tekur við og/eða nýr sveitarstjóri ráðin, sbr. og 1. gr.

11. gr.
Ágreiningsmál

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

12. gr.
Eintök samnings og undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Til staðfestingar rita aðlar nafn sitt undir samning þennan.

Þórshöfn 22. júlí 2022

f.h. sameinaðs sveitarfélags,
Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.

Með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar



Sigurður Þór Guðmundsson oddviti



Björn Sigurður Lárusson